

eldhús *hk – hús*
[-s, -]

– glösin og bollarnir eru í
eldhúsinu

‡ • eldur, hús, húsgögn, leikhús, pósthús,
sjúkrahús, veitingahús

bréf *hk – hús*
[-s, -]

– hún skrifar mér bréf í hverri viku

‡

falleg-ur *lo – gular*
[-, -t; -ri, -astur]

– hún er í fallegri blússu

‡ » vænn

herbergi *hk – hús J*
[-s, -]

– það eru mörg herbergi á
farfuglaheimilinu

‡ • svefnherbergi

þurrk-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– þú verður að þurrka upp
bleytuna

‡ þurka • þurr; þorna

veiða *so vb-i – heyra*
[-ddi]

– þau veiða silung í vatninu

‡ • veiði

gras *hk – hús Ö*
[-s, grös]

– við lágum í grasinu

‡

bjart-ur *lo – gular Ö*
[björt, -; -ari, -astur]

– sumarnóttin er björt á Íslandi

‡ bjartr » dökkur, dimmur « ljós (lo)

lán-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– viltu lána mér úrið þitt í smá
stund?

‡ • lán

smíða *so vb-a – kalla*
[-aði]

– þau smíða lítinn kofa

‡ » byggja, reisa

blaut-ur *lo – gular*
[-, -t; -ari, -astur]

– allt var blautt eftir rigninguna

‡ blautr

saum-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– ég þarf að sauma tölu á
skyrtuna

‡

mál-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– á að mála herbergið rautt?

‡

ljót-ur *lo – gular*
[-, -t; -ari, -astur]

– mér finnst þetta ljótur frakki

‡ ljótr

jól *hk ft – hús*

– bráðum koma jólin

‡

kerti *hk – hús*
[-s, -]

– hann kveikir á kertum

‡